

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

37. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn mánudaginn 13. júlí 2020. Fundurinn fór fram í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 og hófst hann kl. 08:50.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Grein 1.1.3 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að grein 1.1.3. um röðun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sérskóla breytist frá og með 1. ágúst 2020 verði kjarasamningur aðila sem undirritaður var þann 10. júlí 2020 samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsins um samninginn sem lýkur þann 7. ágúst 2020.

Greinin hljóði svo frá 1. ágúst 2020

1.1.3 Röðun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sérskóla

Skólastjórar sérskóla raðast skv. eftirfarandi:

Skólastjóri Klettaskóla	Lfl. 481
Skólastjóri Brúarskóla	Lfl. 476
Skólastjóri Hlíðarskóla, Akureyri	Lfl. 476

Aðstoðarskólastjórar sérskóla raðast skv. eftirfarandi:

Aðstoðarskólastjóri Klettaskóla	Lfl. 476
Aðstoðarskólastjóri Brúarskóla	Lfl. 472
Aðstoðarskólastjóri Hlíðarskóla, Akureyri	Lfl. 472

Hér er miðað við starfsemi sérskóla eins og hún var í október 2015. Verði breyting á starfseminni á samningstímanum skal málið tekið fyrir í samstarfsnefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:30